

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulaginu miðbær R4, Víkingastræti 1, 2 og 3.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 16. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar á reit R4 vegna Víkingastrætis 1, 2 og 3. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að þrjár lóðir eru sameinaðar í eina þar sem heimilað byggingarmagn verður samtals 5.621 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall 1,41. Gert er ráð fyrir að rífa núverandi byggingu við Víkingastræti 2 og reisa 3ja og 4ra hæða viðbyggingu þar sem gert er ráð fyrir 65 hótélherbergjum. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 13. nóvember 2023.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anne Steinbrenner.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 28. nóvember 2023